

---

## Verklagsreglur stjórnar Upptökusjóðs STEF

### Reglum þessum er ætlað að koma útgefnum reglum Upptökusjóðs til skýringar og fyllingar.

1. Umsókn um styrkveitingu verður aðeins tekin til afgreiðslu hafi skrifleg umsókn borist STEFi innan auglýsts umsóknarfrests. Ekki er skilyrði fyrir styrkveitingu að notuð séu eyðublöð sem stjórn sjóðsins hefur útbúið, en er þó mælt með því að þau séu notuð.
2. Almennu skulu ekki veittir styrkir til annarra en þeirra höfunda sem hafa á síðustu árum fyrir úthlutun fengið úthlutað höfundaréttargreiðslum sem nema að lágmarki kr. 100.000 á ári. Ef um er að ræða hljómsveit sem sækir saman um styrk, eru höfundaréttargreiðslur meðlima hljómsveitarinnar lagðar saman.
3. Stjórn sjóðsins hefur þó heimild til að veita einn styrk við hverja úthlutun til efnilegra höfunda sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarkstíma aðildar að STEFi og lágmarksgreiðslna frá samtökunum.
4. Við styrkveitingar skal hafa hliðsjón af því hvort viðkomandi umsækjandi hafi nýlega fengið styrki úr sjóðnum (almennt er miðað við síðastliðin tvö ár) og hverjar höfundaréttartekjur hans hafa verið undanfarin ár. Ennfremur er heimilt að taka tillit til þess hvort umsækjandi hafi fengið styrki vegna sama verkefnis úr öðrum sjóðum.
5. Mögulegt er að fleiri en einn sækir saman um styrk til sameiginlegs verkefnis. Skulu ákvæði 1. og 2. gr. þá vera uppfyllt hvað varðar alla þátttakendur í verkefninu.
6. Ef aðrir en tónhöfundar standa að umsókninni, skal skýrt tilgreina í umsókninni hvaða höfundaverk skuli hljóðrita svo og að höfundar þeirra séu umsókninni samþykki eða a.m.k. viti af henni.
7. Styrkir skulu bundnir þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess sé í samræmi við lýsingu og áætlanir. Skal styrkþegi tilkynna um framgang verkefnisins svo og um fyrirhugaðar breytingar eða niðurfellingu verkefnis. Sé verkefnið fellt niður skal styrkþegi endurgreiða útgreiddan styrk.
8. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að skipta greiðslum styrkja þannig að þær séu bundnar framvindu verkefnisins.
9. Er það skilyrði fyrir styrkveitingu að fram komi á því útgefna efni sem styrkt er að útgáfan sé styrkt af Hljóðritasjóði STEFs. Ekki er því hægt að styrkja þegar útgefin verk.

10. Styrkþegar fá staðfestingu á úthlutun í tölvupósti og er styrkurinn greiddur inn á þann reikning sem þeir vísa til, séu upplýsingar um bankareikning ekki þegar skráðar hjá STEFi.

Svo samþykkt af stjórn Upptökusjóðs STEFs í september 2011, með breytingum frá október 2018, apríl 2019 og mars 2020.